

- **Tollflokkun**
- **Endurákvörðun**

Úrskurður nr.12/2001

Tollstjóri endurákvörðar gjöld af 49 vörusendingum er innihéldu óátekna geisladiska. Kærandi telur tollflokkun tollstjóra ekki rétta og krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Tollstjórinn í Reykjavík krefst þess að hin kærða endurákvörðun verði staðfest. Ríkistollanefnd staðfesti hina kærðu endurákvörðun.

Lög 55/1987 1. mgr. 35.gr., 2.tl. 5.mgr. 99.gr., 100. gr. og 101. gr. Lög nr. 29/1995, 2. gr. Lög nr. 38/2001, III. kafli .

Með bréfi, dags. þann 26. nóvember 2001, sem barst nefndinni s.d., kærir L., fyrir hönd O. úrskurð tollstjóra frá 28. september 2001. Í hinum kærða úrskurði eru endurákvörðuð aðflutningsgjöld vegna breyttrar tollflokkunar á 49 vörusendingum er innihéldu óátekna geisladiska. Endurákvörðunin leiddi til hækkunar aðflutningsgjalda um kr. 1.625.584,00. Endanleg endurgreiðslufjárhæð kæranda nam kr. 1.508.608,00. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði ógiltur og að tollstjóra verði gert að endurgreiða kæranda kr. 1.508.608,00 með vöxtum skv. 2. gr. laga nr. 29/1995 frá 07.11.2001 til 26.11.2001 en dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Með bréfi, dags. 15. júní 2001, tilkynnti tollstjóri að fyrirhuguð væri endurákvörðun gjalda af nánar tilgreindum vörusendingum. Kæranda var gefinn 15 daga frestur til andmæla. Kærandi fór fram á viðbótarfrest og var fallist á þá beiðni. Kærandi mótmælti fyrirhugaðri endurákvörðun innan tilskilins frests með skriflegum rökstuðningi. Tollstjóri hafnaði sjónarmiðum kæranda og kvað upp úrskurð þann 28. september 2001. Í úrskurði tollstjóra eru endurákvörðuð gjöld á eftirfarandi 49 vörusendingar:

SHEG 03 05 0 DK CPH W011 S HEG 22 03 0 DK CPH W013 S ARN 15 03 0 DK CPH W003S HEG 04 02 9 DK CPH W032 S ARN 07 04 9 DK CPH W033 S HEG 27 10 9 DK CPH W021
 S ARN 01 12 9 DK CPH W025 S ARN 27 01 9 DK CPH W032 E BRU 01 12 8 DK CPH W368
 F 209 11 11 8 DK CPH V193 E BRU 27 07 9 DK CPH W358 E THR 31 08 9 DK CPH W342
 E THR 28 09 9 DK CPH W378 E THR 12 10 9 DK CPH W358 E THR 26 10 9 DK CPH W313 E BRU 14 12 9 DK CPH W314 E BRU 04 05 9 DK CPH W330 E BRU 01 06 9 DK CPH W344
 E THR 08 06 9 DK CPH W357 E BRU 23 02 9 DK CPH W347 E BRU 09 03 9 DK CPH W311 E BRU 23 03 9 DK CPH W324 E THR 02 02 9 DK CPH W360 E LON 03 03 8 DK CPH W347
 E BRU 10 03 8 DK CPH W352 E BRU 24 03 8 DK CPH W328 E BRU 21 04 8 DK CPH W312 E HAF 26 05 8 DK CPH W307 E HAF 09 06 8 DK CPH W350 E BRU 14 07 8 DK CPH W304
 E HAF 21 07 8 DK CPH W327 E HAF 04 08 8 DK CPH W336 E HAF 18 08 8 DK CPH W307 E HAF 15 09 8 DK CPH W340 E BRU 03 11 8 DK CPH W380 E BRU 17 11 8 DK CPH W324
 E THR 08 12 8 DK CPH W335 E THR 22 12 8 DK CPH W378 E BRU 13 01 8 DK CPH W341 E BRU 27 01 8 DK CPH W328 E BRU 15 06 9 DK CPH W331 E BRU 04 04 0 DK CPH W337
 E THR 25 04 0 DK CPH W339 E BRU 08 02 0 DK CPH W370 E BRU 22 02 0 DK CPH W373 E BRU 07 03 0 DK CPH W363 E BRU 25 01 0 DK CPH W350 E BRU 11 01 0 DK CPH W346
 F 217 03 08 0 DK CPH 3588

Endurákvörðun tollstjóra byggði á því að um ranga tollflokkun hefði verið að ræða, en innflytjandi tollflokkaði óátekna diska fyrir leysileskerfi í tollskrárnúmer 8523.2001, en eftirlitsdeild embættisins telur rétta tollflokkun vera í tollskrárnúmer 8523.9000 með vísan til túlkunarreglna tollskrárinnar númer 1 og 6. Endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna umræddra sendinga er byggð á 1. mgr. og 2. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Fjárhæð vangreiddra aðflutningsgjalda af framangreindum sendingum er kr. 2.808.685,00, ásamt dráttarvöxtum kr. 1.546.257,00.

Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði ógiltur og að tollstjóra verði gert að endurgreiða kæranda kr. 1.508.608,00 með vöxtum. Í málavaxtalýsingu segir að með bréfi tollstjóra til kæranda, dags. 15. júní 2001, hafi kæranda verið gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda af óáteknum geisladiskum vegna nánar tilgreindra sendinga á tímabilinu janúar '98 til ágúst '00. Í bréfinu var kæranda gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Með bréfi, dags. 27. ágúst 2001, kom kærandi athugasemdum sínum á framfæri

við embætti tollstjóra. Í hinum kærða úrskurði kemur fram að tollstjóri hafi tekið andmæli kæranda til skoðunar en geti ekki tekið tillit til þeirra. Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda skv. úrskurðinum nam kr. 2.808.685,- og dráttarvextir kr. 1.546.257,- eða samtals kr. 4.354.942,00.

Þá segir í kærinni að eftir ábendingar frá starfsmönnum kæranda um að með stórum hluta þeirra sendinga sem hinn kærði úrskurður tók til hafi fylgt evrópskt upprunavottorð hafi tollstjóri fallist á að endurskoða ákvörðun sína varðandi þær sendingar. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar varð sú að felld voru niður endurákvörðuð aðflutningsgjöld af alls 19 sendingum sökum þess að þeim fylgdi fullgilt evrópskt upprunavottorð sem þýddi að sendingarnar féllu í E-flokk tollskrár en ekki A-flokk og voru því gjaldfrjálsar. Endanleg endurákvörðun náði því til 30 nánar tilgreindra sendinga á áður nefndu tímabili, janúar '98 til ágúst '00 og var upphæð endurákvörðuðra gjalda sem kærandi var krafinn um kr. 1.625.584,00 með dráttarvöxtum. Hinn 7. nóvember s.l. greiddi kærandi síðan kröfu Tollstjóra kr. 1.508.608,00. Misræmið þarna á milli virðist að mati kæranda helgast af niðurfellingu dráttarvaxta og skorar hann á tollstjóra að upplýsa um ástæður þessa misræmis.

Í hinum kærða úrskurði kom fram að ástæða endurákvörðunar hafi verið sú að á framangreindu tímabili tollflokkaði kærandi óátekna diska fyrir leysileskerfi í tollskrárnúmer 8523.2001 sem seguldiska fyrir vélar í tollnúmeri 8471 (sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, tölvur), en starfsmenn tollstjóra telji rétta tollflokkun vera í tollnúmer 8523.9000 sem bar yfirskriftina; „Aðrir fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla“, á þeim tíma sem úrskurður um endurákvörðun nær til. Endurákvörðunin byggir á því að vörur í tollsknr. 8523.9000 báru 10% A-toll en vörur í 8523.2001 voru tollfrjálsar. Kærandi mótmælir þessu og telur sig hafa tollflokkað viðkomandi vöru í rétt tollnúmer eftir sinni bestu vitund og í góðri trú.

Þá segir í kærinni að fram komi í úrskurði tollstjóra að endurákvörðunin sé byggð á 1. mgr. og 2. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Kærandi telur ótvírætt að skilyrði 5. mgr. 99. gr. tollalaga fyrir endurákvörðun aðflutningsgjalda allt að sex ár aftur í tímann séu ekki uppfyllt að því er varðar þær sendingar sem hinn kærði úrskurður ná til. Af þeim 30 sendingum sem hin kærða endurákvörðun leiddi til hækkunar aðflutningsgjalda á sé aðeins ein sem afgreidd var í SMT afgreiðslu. Endurákvörðun vegna annarra sendinga byggir á 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Þær sendingar voru ekki afgreiddar SMT-tollafgreiðslu heldur fylgdi þeim hefðbundin tollskýrsla og öll þau gögn og upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á og hefur þeirri staðreynd ekki verið mótmælt af hálfu tollstjóra. Meginregluna við endurákvörðun gjalda þegar svo er ástatt er að finna í 2. mgr. 99. gr. tollalaga þar sem segir að hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og, eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á, skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda *innan 60 daga, talið frá því að hann heimilaði afhendingu vöru.* Áður nefndur 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga inniheldur undantekningu frá þessari meginreglu, undantekningu sem skv. hefðbundnum lögskýringarsjónarmiðum ber að túlka þröngt. Undantekningin felur í sér að tollstjóra er heimilað að endurákvörða aðflutningsgjöld allt að sex ár aftur í tímann telji hann þau ekki hafa verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu, *að uppfylltu því skilyrði að innflytjandi hafi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru.*

Kærandi mótmælir því harðlega að þetta skilyrði sé uppfyllt. Í öðrum málslið 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga séu nefnd dæmi um það hvenær gæti verið unnt að líta svo á að skilyrðið sé uppfyllt. Þar segir; „*Það getur m.a. átt við hafi innflytjandi áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra.*“ Hvorugt þessara atriða, eða nokkur sambærileg atvik, á við um þær sendingar sem hér um ræðir heldur hafa þær þvert á móti ávallt verið tollflokkaðar í tollskrárnúmer 8523.2001 án nokkurra athugasemda frá tollstjóra og það þó við tollafgreiðslu hafi ávallt legið fyrir fullnægjandi upplýsingar og, eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á. Kærandi telur því, vegna athugasemdalausrar afgreiðslu tollstjóra, fullljóst að frá upphafi hafi honum mátt vera óhætt að álykta sem svo að um rétta tollflokkun hafi verið að ræða.

Þá er á það bent að hinn kærði úrskurður felur í sér mjög íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun. Úrskurðurinn byggir á heimild sem er lögfest undantekning frá þeirri meginreglu sem birtist í 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrár Íslands, sbr. lög nr. 33/1944 m.s.br., um bann við afturvirkni skattalaga og beri því tvímælalaust að túlka mjög þröngt. Tollstjóri hafi því ekki heimild til að endurákvörða aðflutningsgjöld meira en 60 daga aftur í tímann þegar öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum er komið á framfæri við hann við tollafgreiðslu, *nema algerlega ótvírætt sé að innflytjandi hafi tollflokkað vöru ranglega og hafi vitað eða mátt vita um rétta tollflokkun hennar.* Eins og áður hefur verið rakið telur kærandi þetta skilyrði ekki uppfyllt og úrskurð tollstjóra því skorta lagastöð.

Varðandi þá sendingu sem tollafgreidd var SMT-tollafgreiðslu og áður hefur verið minnst á vill kærandi taka fram að sú sending var sú eina, af þeim 49 sendingum sem upphaflegur úrskurður um endurákvörðun náði til, sem tollafgreidd var á þann hátt. Þannig afgreiddi tollstjóri 48 sendingar af óáteknum diskum fyrir leysileskerfi í tollskrárnúmer 8523.2001, algjörlega án nokkurra athugasemda eða ábendinga til kæranda um að sú tollflokkun væri hugsanlega röng áður en kom að þessari sendingu. Í rafrænni skýrslu SMT-tollafgreiðslu koma fram upplýsingar um vörutegund og tollflokkun og hefði því tollstjóra verið í lófa lagið að gera athugasemd við tollflokkun vörunnar, hefði hann talið hana ranga. Með vísan til þess sem áður hefur verið sagt um góða trú kæranda varðandi tollflokkun umræddrar vöru telur kærandi að tollstjóra hafi einnig verið óheimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld af þessari sendingu.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið ítrekar kærandi kröfur sínar um að úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 28. september 2001 verði ógiltur og honum verði gert að endurgreiða kæranda kr. 1.508.608,00 með vöxtum skv. 2. gr. laga nr. 29/1995 frá 07.11. 2001 til 26.11. 2001 en dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kröfugerð kæranda til umsagnar með bréfi þann 27. nóvember 2001. Í svari sem barst nefndinni þann 17. desember s.á. segir m.a. að kærandi og tollstjóri séu sammála um tollflokkun umræddra geisladiska í vörulið 8523. Ágreiningurinn snúist um flokkun í undirlíði, annars vegar í tnr. 8523.2001 og hins vegar í tnr. 8523.9000.

Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum.“

Þegar kemur að flokkun vöru í undirliði, kemur til kasta 6. túlkunarreglunnar sem hljóðar svo: „Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.“

Vöruliður **8523 Fullgerðir óáteknið miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla**, skiptist upp í fjóra jafnsetta undirliði (með einu þankastríki) en þeir eru eftirfarandi;

1. Segulbönd.
2. Seguldiskar.
3. Kort með segulrönd.
4. Aðrir.

Við flokkun geisladiska í undirliði vöruliðar 8523 verður því, sbr. 6. túlkunarregla tollskrárinnar, að bera saman þessa fjóra jafnsettu undirliði. Það segir sig sjálf að samkvæmt orðalagi undirliðanna geta geisladiskar ekki flokkast annars staðar en í síðasta undirliðinn, þ.e. í tnr. 8523.9000. Það að hinir undirliðirnir t.d. fyrir segulbönd og seguldiska skiptist frekar upp hefur ekkert að segja við flokkun þeirrar vöru sem á heima í síðasta undirliðnum.

Þá segir í greinargerð tollstjóra:” Gera verður ráð fyrir því að fyrirtæki sem í atvinnuskyni stundar innflutning á tilteknum vörum hafi yfir að ráða þekkingu bæði á þeim vörum sem það flytur inn og á reglum tollskrárinnar um tollflokkun og hafi því vitað eða mátt vita um tollflokkun þessarar vöru þegar það liggur jafn ljóst fyrir og að framan er lýst. Jafnframt liggur fyrir að kærandi hefur á árunum 1996 og 1997 flutt inn óátekna geisladiska í nokkrum sendingum og flokkað í tnr. 8523.9000 án athugasemda frá tollstjóra, sjá hjálögð afrit aðflutningssskýrslna. Það er því *algerlega ótvírætt* að hann vissi eða mátti vita um tollflokkun sbr. dæmi í 2. ml. 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaganna.”

Þá segir að tollstjóra beri að sjá til þess að rétt gjöld séu innheimt af innfluttum vörum og í ljósi þess hafi verið fallist á athugasemdir kæranda um að falla frá innheimtu tolls af geisladiskum í þeim sendingum þar sem framvísað var fullgildum upprunasönnunum, í samræmi við ákvæði í fríverslunarsamningum. Þessar leiðréttingar koma fram í endurreiknuðu yfirliti yfir vangreidd gjöld.

Að lokum segir í greinargerð tollstjóra að réttilega sé á það bent hjá kæranda að misræmi sé á milli upphæðar í endurútreikningi á endurákvörðun í úrskurði tollstjóra og þess sem hann síðar greiddi hjá tollstjóra. Misræmið hlýst annars vegar af innsláttarvillu í yfirlitinu yfir vangreidd gjöld vegna sendingar S HEG 04 02 9 DK CPH W032. Þar eru vangreidd gjöld sögð vera 23.979,00 kr. en áttu að vera 59.979,00 kr. sem er sú upphæð sem á var lögð og greidd hjá tollstjóra. Hins vegar hefur við uppgjörið láðst að leggja dráttarvexti við vangreidd gjöld vegna tveggja sendinga.

E THR 31 08 9 DK CPH W342	74.256,00 kr. og
E THR 28 09 9 DK CPH W378	72.720,00 kr.
samtals að upphæð	146.976,00 kr.

Uppgjörið hefði því átt að vera; vangreidd gjöld 1.091.632,00 kr., dráttarvextir 563.952,00 kr. samtals 1.655.584,00 kr.

Með vísan í ofanritað og forsendur hins kærða úrskurðar tollstjóra, er þess krafist að hann verði staðfestur með þeirri breytingu að upphæð vangoldinna gjalda og dráttarvaxta verði eins og að ofan greinir og að kæranda verði gert að greiða þær 146.976,00 kr. í dráttarvexti sem láðist að leggja á við uppgjörið.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar þann 18. desember 2001. Í svari sem barst nefndinni þann 4. janúar 2002 segir m.a. að það sé rétt að á árunum 1996-1997 hafi kærandi flutt inn nokkrar sendingar af óáteknum geisladiskum og tollflokkað þá í tnr. 8523.9000. En eftir fjölmargar ábendingar frá erlendum birgjum og öðrum innflytjendum þessarar vöru, auk munnlegrar fyrirspurnar til fulltrúa tollstjóra, breytti kærandi hins vegar tollflokkun vörunnar og flokkaði hana í tollnúmer 8523.2001 frá og með janúar 1998. Rökin fyrir þessari breytingu voru þau að tnr. 8523.2001 var eini tollflokkurinn sem innihélt lýsingu á *diskum* fyrir vélar í tollflokki 8471 þó þar sé reyndar talað um seguldiska en ekki geisladiska. Notkunarsviðið var hins vegar það sama, þ.e. gagnaafritun og geymsla gagna úr vélum í nr. 8471. Því var það álit þeirra sem stóðu að innflutningi þessarar vöru að lýsingin „Seguldiskar fyrir vélar í nr. 8471“ passaði mun betur við vöruna, eins og hún var notuð, en „Aðrir fullgerðir óáteknið miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum“ enda um að ræða diska sem á þeim tíma voru eingöngu ætlaðir til gagnaafritunar af vélum í nr. 8471, eins og seguldiskar.

Einnig megi benda á að hvarvetna í tollskrá séu vörur, sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar með vélum í nr. 8471, tollfrjálsar. Það fólst því ósamræmi í því að skipa geisladiskum, sem eingöngu voru notaðir til gagnaafritunar með vélum í nr. 8471, í tollflokk sem bar 10% toll. Rétt er einnig að geta þess að á þessum tíma var sú tækni að geta afritað tónlist af internetinu á geisladisk ekki komin fram, en sú tækni var einmitt grunnástæðan fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á tollskrá með auglýsingu nr. 147/2000 þar sem m.a. var bætt við tveimur undirflokkum við tnr. 8523.9000 fyrir óátekna geisladiska. Kærandi telur rök standa til þess að þangað til þessi tækni kom fram á sjónarsviðið og jók gifurlega notkunarmöguleika óátekinna geisladiska hafi verið rétt að flokka umrædda geisladiska með seguldiskum í tnr. 8523.2001 með hliðsjón af fyrstu og sjöttu túlkunarreglu tollskrár vegna þess að *notkun* þeirra takmarkaðist við vélar í nr. 8471. Kærandi mótmælir ennfremur því álit tollstjóra að sú staðreynd að undirliður nr. 8523.2000 skiptist upp hafi ekki þýðingu við flokkun diskanna í undirliði því að í 6. túlkunarreglu tollskrár segir að við slíka flokkun skuli höfð hliðsjón af orðalagi undirliðanna og blaðsíða 3/5

sérhverri tilheyrandi athugasemd við þá.

Eins og áður segir þá breytti kærandi tollflokkun sinni á óáteknum geisladiskum í janúar 1998 eftir ábendingar frá erlendum birgjum og öðrum innflytjendum sambærilegrar vöru um að réttara væri að flokka þá í tnr. 8523.2001 í stað tnr. 8523.9000. Eins og áður var vikið að þá telur starfsmaður kæranda að í tengslum við þessa breytingu hafi verið haft samband símleiðis við fulltrúa tollstjóra til þess að fá álit hans á breytingunni. Þar hafi ekki verið gerðar athugasemdir við flokkun óátekinna geisladiska í tnr. 8523.2001. Þetta hlýtur stuðning í atvikum málsins. Þannig flutti kærandi inn 8 sendingar af óáteknum geisladiskum á árunum 1996-1997 og tollflokkaði í tnr. 8523.9000 án athugasemda tollstjóra. Á árunum 1998-1999 flutti kærandi hins vegar inn 49 sendingar af sams konar diskum en tollflokkaði þá í tnr. 8523.2001, *einnig algerlega án athugasemda tollstjóra*. Rétt er að geta þess að við tollafgreiðslu allra þessara sendinga utan einnar, sbr. kæru undirritaðs, voru tollstjóra látnar í té fullnægjandi upplýsingar og gögn sem byggja mátti tollafgreiðslu á. Tollstjóri hefði því átt að ljúka endurákvörðun vegna þeirra innan 60 daga frá því að afhending var heimiluð í samræmi við 2. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Breyting kæranda á tollflokkun vörunnar hefði ein og sér átt að vera tollstjóra nægjanlegt tilefni til sérstakrar skoðunar á tollflokkuninni burtséð frá því hvort samband hafi verið haft við hann vegna breytingarinnar eða ekki. Sú staðreynd að tollstjóri lét breytingu kæranda á tollflokkun vörunnar algerlega óátalda bendir ótvírætt til þess að kæranda hafi verið rétt að telja að upphafleg tollflokkun hans hafi verið mistök og að rétt tollflokkun vörunnar hafi verið í tnr. 8523.2001. Í greinargerð sinni telur tollstjóri það liggja ljóst fyrir að rétt tollflokkun vörunnar hafi ávallt verið í tnr. 8523.9000. Þrátt fyrir það lét tollstjóri það afskiptalaust þegar kærandi breytti tollflokkun vörunnar úr því númeri yfir í tnr. 8523.2001 í janúar 1998 og í tvö ár þar á eftir. Kærandi telur þetta afskiptaleyfi tollstjóra ótvírætt benda til þess að tollstjóri hafi á þeim tíma verið sammála kæranda og öðrum innflytjendum vörunnar um að rétt tollflokkun óátekinna geisladiska hafi verið í tnr. 8523.2001. Sérstaklega er þetta afskiptaleyfi tollstjóra athyglisvert í ljósi þess að ekki var um SMT- tollafgreiðslur að ræða heldur fylgdu ávallt upplýsingar og gögn vörunni til tollafgreiðslu.

Að lokum vill kærandi ítreka að heimild til endurákvörðunar gjalda á hendur honum hvílir, í öllum tilvikum nema einu, eingöngu á því að skilyrði 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, um að hann hafi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vörunnar, sé uppfyllt. Með hliðsjón af framangreindu telur kærandi það ótvírætt að bæði hann og tollstarfsmenn litu svo á að rétt væri að tollflokka óátekna geisladiska í tnr. 8523.2001 á þeim tíma sem hinn kærði úrskurður nær til. Það sé því ótæk niðurstaða að vegna nýrrar tækni og breytinga á tollskrá sé þessu sameiginlega álitu kæranda og tollstjóra breytt aftur í tímann á kostnað kæranda. Vegna þröngrar túlkunar áður nefnds skilyrðis tollalaga, sem er verulega íþyngjandi fyrir borgarana, telur kærandi það liggja ljóst fyrir að það er ekki uppfyllt og að fallast beri á kröfur kæranda í málinu. Að öðrum kosti væri verið að firra tollstjóra algerlega ábyrgð á tollafgreiðslu vörunnar, á þeim tíma sem hinn kærði úrskurður nær til, sem að mati kæranda stenst ekki lög.

Kærandi mótmælir því að krafa tollstjóra um greiðslu dráttarvaxta, sem tollstjóra „láðist“ að krefja kæranda um, verði tekin til greina. Tollstjóri tók ákvörðun um að fella umrædda dráttarvexti niður og kærandi telur, með vísan til meginreglu 1. mgr. 23. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, að hann geti ekki síðar breytt þeirri ákvörðun sinni.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau málgögn sem fyrir liggja í máli þessu. Eins og fram kemur hér að ofan byggir hin kærða endurákvörðun tollstjóra á því að um ranga tollflokkun hefði verið að ræða, en innflytjandi tollflokkaði á tilteknu tímabili óátekna diska fyrir leysileskerfi í tnr. 8523.2001. Tollstjóri telur rétta tollflokkun vörunnar vera í tnr. 8523.9000. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði ógiltur og að tollstjóra verði gert að endurgreiða honum hin endurákvörðuðu gjöld. Hann hafi verið í góðri trú er hann flokkaði vöruna að sögn eftir forskrift erlendra birgja og meintra ábendinga starfsmanna tollstjóra sem hann segist hafa fengið símleiðis.

Vara sú sem hér er deilt um tollflokkun á eru óáteknir geisladiskar. Þeir flokkast í vörulið 8523 : **Fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla.**

Í tollskrá er þeim lið skipt upp í fjóra jafnsetta undirliði en þeir eru eftirfarandi;

1. Segulbönd.
2. Seguldiskar.
3. Kort með segulrönd.
4. Aðrir.

Í skýringarbókum Alþjóðatollasamvinnuráðsins eru þessir undirliðir skýrðir nánar. Í 4. athugasemd segir m.a. að um sé að ræða miðla fyrir upptöku með segulvirkni, þ.e. diskar eða kort (úr plasti eða pappa), böndum, ræmum eða filmum (úr plasti eða málm) eða málmvír, annað hvort sem hægt er að segulmagna eða útbúið með lakkhúðun með dreifðu seguldufti eða húðað á sérstakan hátt með járnsegulmagnaðri húðun (Ferromagnetic coating).

Í 5. athugasemd segir að um sé að ræða óátekna diska búna fyrir upptöku með leysigeisla. Þessir diskar eru venjulega gerðir úr gleri, þaktir sérstöku yfirborði sem gerir kleift að skrifa í yfirborðið með leysigeisla upplýsingar um hljóð, myndir eða svipaða notkun. Þessir diskar eru notaðir við upptöku á upplýsingum fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, upptöku á myndefni eða fyrir frumgerðir geisladiska.

Virgni seguldiska byggir á yfirborði sem er segulmagnað en geisladiskar byggja á ljóstækni. Ljóst er að hér er um ólíka vöru að ræða. Nefndarmenn eru sammála um með vísan til þess sem hér hefur verið rakið að rétt flokkun óátekinna geisladiska sé í tnr. 8523.9000.

Að því er varðar endurákvörðun tollstjóra á hinum tilgreindu vörusendingum er rétt að hafa eftirfarandi atriði í huga. Fram hefur komið í málinu, sbr. greinargerð tollstjóra, að kærandi flutti inn á árunum 1996 og 1997 geisladiska í nokkrum sendingum og

flokkaði þá í tnr. 8523.9000 án athugasemda frá tollstjóra, en breytti tollflokkun vörunnar einhliða í tnr. 8523.2001. Kærandi, sem er reyndur innflytjandi, mátti vera ljóst að hann gat með einföldum hætti tryggt rétta tollflokkun vörunnar með því að leita eftir bindandi álitu tollstjóra, sbr. 142. gr. tollalaga. Gera verður kröfu til aðila sem hefur sérþekkingu á þeirri vöru sem er verið að flytja inn og reynslu sem innflytjandi, að hann leiti til tollyfirvalda um skriflega staðfestingu á tollflokkun vöru ef vafi leikur á um tollflokkun. Kærandi mátti því vita betur í skilningi 2. ml. 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga, auk þess sem það kemur beinlínis fram í tilvitnuðu lagaákvæði að ef innflytjandi hefur áður flutt inn vöru á öðru tollnúmeri getur hann sætt endurákvörðun á tollflokkun allt að sex árum aftur í tímann ef hann breytir um tollflokkun.

Samkvæmt framansögðu telur ríkistollanefnd að 2. ml. 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga um endurákvörðun allt að sex árum aftur í tímann eigi hér við.

Um þau rök kærandi að tollstjóri hafi í raun samþykkt breytta tollflokkun með því að gera ekki athugasemd við innflutning kærandi er kærandi tollflokkaði vöruna í tnr. 8523.2001 er vísað til 2. mgr. 16. gr. tollalaga, þar sem kemur ótvírætt fram að innflytjandi beri ábyrgð á réttri tilgreiningu vöru við innflutning, þar með talið réttri tollflokkun vöru.

Hvað varðar þann mismun á endurgreiddri fjárhæð kr. 1.508.608,00 og endanlegri kröfu tollstjóra kr. 1.625.584,00 kemur fram í framlögðum gögnum að um er að ræða annars vegar innsláttarvillu vegna sendingar S HEG 04 02 9 DK CPH W032 þar sem tilgreind er fjárhæðin kr. 23.979,00 í stað kr. 59.979,00 og hins vegar samlagningarskekkju þar sem dráttarvextir vegna sendinga E THR 31 08 9 DK CPH W342 og E THR 28 09 9 DK CPH W378 samtals kr. 146.976 hafa fallið niður. Þar sem gögn málsins bera með sér hver rétt álagning eigi að vera er það mat ríkistollanefndar að töluleg leiðrétting sé í samræmi við lög. Um útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum nr. 38/2001.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og 1. og 6. tl. almennra reglna um túlkun tollskrár staðfestir ríkistollanefnd tollflokkun óátekinnna geisladiska í tnr. 8523.9000. Þá telur ríkistollanefnd jafnframt að 2. ml. 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga eigi við í máli þessu og fellst á kröfur Tollstjórans í Reykjavík í málinu.